

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis
nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 4 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

2. Önnur hús kr. 1 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 1 050.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

2. Önnur hús kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231
26. maí 1977, með síðari breytingum.

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 42 700.00 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 180.00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heim-
æð:

Hús allt að 300 m³ kr. 159 600.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 159 600.00 fyrir 300 m³ og kr. 140.00 á hvern rúmmetra
þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 397 600.00 fyrir 2000 m³ og kr. 105.00 á hvern rúmmetra
þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr.
21 500.00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyriræflun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 2 800.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skútustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980.

Nr. 72.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976 með síðari breytingum.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.

- Garðyrkjustöðvar kr. 680.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 40.00 á mánuði af hverjum rúmm.
- Íbúðarhús kr. 3 800.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
- Iðnaðarhús kr. 1 900.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
- Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 680.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald kr. 40.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 26.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
- Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

2. Hemlagjöld.

- Fyrir hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 2 700.00 á mánuði.
 - Fyrir hemla 1"—2" kr. 4 800.00 á mánuði.
 - Fyrir hemla 3" og stærri kr. 8 600.00 á mánuði.
3. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð: